

Lopinn teygður

BÆKUR

Skáldsaga

ÁHRIF MÍN Á MANNKYNSSÖGUNA

eftir Guðmund Steingrímsson. Ragnar Helgi Ólafsson gerði glæsilega bókarkápu. 196 bls. Forlagið 2003.

Hinn stefnulausi, firrti nútímamaður er aðalpersóna fyrstu skáldsögu Guðmundar Steingrímssonar. Þessi persóna er kunnugleg úr verkum ungra samtímakarlrithöfunda, s.s. Braga Ólafssonar, Hallgríms Helgasonar og Mikæls Torfasonar. Nútímamaðurinn er póstmóðernískur í hugsun og háttum, hann er afsprengi fjölmiðla, neysluhyggju og trúleysis. Einhversstaðar á lífsleiðinni tapaði hann áttum, týndi landakortinu og ráfar því stefnulítið um jörðina í leit að áfangastað, tilgangi eða endastöð. Hlutirnir gerst yfirleitt fyrir tilviljun í lífi hans, hann berst með straumnum, ábyrgðar- og hugsunarlaust. Aðalsöguhetjan í Áhrif mín á mannkynssöguna, Jón Eyvindarson, hefur einfalda lífssýn: „Ég hafði ekki hugmynd um neitt á þessari stundu, ekki frekar en nokkru sinni áður og ekki frekar en nokkur annar hefur hugmynd um nokkuð yfirhöfuð í lífinu. Allt getur gerst. Allir hafa áhrif á alla í eilífum, ófyrirsjáanlegum spuna. Enginn veit hvað gerist fyrr en það gerist“ (195-6).

Jón er blaðamaður á fréttablaði í London þar sem hann hefur búið um nokkurt skeið. Hann kemur timbraður heim til Íslands á aðfangadag í sjö daga jólafrí. Sagan greinir frá röð tilviljana sem verða til þess að hann kynnist nýjum hliðum á sjálfum sér og kemst sömuleiðis að því hversu auðvelt er að hafa áhrif á mannkynssöguna. Hann áttar sig líka á því að fjarvera hans hefur haft meiri áhrif á tengslin við vini hans og fjölskyldu en hann hafði órað fyrir. Fléttan er frekar hæg og lopinn teygður ansi mikið en ágætir sprettir eru inn á milli, sérstaklega þegar Jón rifjar upp um gamlar minningar, setur fram heimspekilegar þælingar eða leggst í naflaskoðun. Jón er frekar fráhrindandi persóna, sjálfelskur og latur og framtaksleysi hans gegndarlaust. Aðrar persónur sögunnar eru vart meira en skuggamyndir; fjölskyldan aðeins leikmunir, gamli skipstjórinn sem ætti þó að vera gulltryggður karakter nær ekki einu sinni að lifna í hugskotinu og kvenfólkið er fjarlægur staðalmyndir. Stebbi bróðir með stuttmyndina sína um Jesú er afar óljós og ótrúverðugur; klisjuleg hliðstæða við guð sem lélegan leikstjóra þar sem lífið er kvikmynd án handrits (189).

Í bókinni ægir öllu saman en um leið gerist ekki neitt. Vangaveltur um t.d. pönk og pólitík, Pílatus og Krist blandast sögunni og er ætlað að dýpka persónuleika Jóns í huga lesandans. En hann er vingull og rola sem göfgar eigið aðgerðaleysi: „Hvort maður leitaði eða leitaði ekki, það skipti ekki svo miklu máli. Maður myndi alltaf finna eða ekki finna. Ég hallaðist fremur að því að betra væri að leita ekki. Þegar maður leitaði ekki, þá fyndi maður. Þar á ofan vissi ég heldur ekki hvar ég ætti að leita, ef ég vildi leita“ (76). Sagan er alls ekki leiðinleg þrátt fyrir hæga og stefnulitla framvindu og endirinn er „óvæntur“ en vandræði Jóns hreyfa ekki við lesandanum og spennan kringum filmuna dularfullu nær aldrei flugi. Hugmyndin um að hafa áhrif á mannkynssöguna er ágæt en miklu heldur efni í þetta smásögu en tvö hundruð blaðsíðna skáldsögu.

Steinunn Inga Óttarsdóttir